



# FRÉTTABRÉF

## LAGNAFÉLAGS ÍSLANDS

### Stjórn Lagnafélags Íslands starfsárið 2016 til 2017



*Frá vinstri standandi: Svavar T. Óskarsson, Kristján Oddur Sæbjörnsson ritari, Jón Guðmundsson varaformaður, Gunnlaugur Jóhannesson pípulagningameistari, Birgir Hólm Ólafsson gjaldkeri. Sitjandi: Kristján Ottósson framkvæmdastjóri LAFÍ, Jón Sigurjónsson formaður LAFÍ.*

*(Á myndina vantar Gunnar Sigurðsson rafvirkjameistara )*

FRÉTTABRÉF NR. 128

3. TBL.

30. ÁRGANGUR

JÚNÍ 2016



Lagnafélagið minnir á heimasíðu félagsins

[www.lafi.is](http://www.lafi.is)

## NÚ ERUM VIÐ KOMNIR Á FACEBOOK

*Við auglýsum eftir tilnefningum fyrir  
„Lofsvert lagnaverk 2016.“  
Sendið tilnefningar á netfangið: [lafi@simnet.is](mailto:lafi@simnet.is)  
eða bringið í síma 892 4428.*

*Lagnafélag Íslands*

Útgefandi:  
LAGNAFÉLAG  
ÍSLANDS

The Icelandic Heating,  
Ventilating and  
Sanitary Association

Árskógum 8  
109 Reykjavík

Sími: 892 4428  
Kennitala: 530487-1649  
Netfang: [lafi@simnet.is](mailto:lafi@simnet.is)  
Heimasíða: [lafi.is](http://lafi.is)  
Erum á Facebook

Ritstjórn og ábyrgð:  
Kristján Ottósson

Ritnefnd:  
Guðmundur Hjálmarsson  
tæknifræðingur,  
Birgir Hólm Ólafsson  
pípulagningameistari,  
Ólafur Bjarnason  
blikksmiðameistari,  
Þorlákur Jónsson  
verkfræðingur  
Rúnar Bachmann  
rafvirki.

Umbrot og prentun:  
Litróf ehf.

## Efnisyfirlit

Handhafar viðurkenninga	3
Ávarp, Ólafur Þ. Snorrason	4
Ávarp, Þórður Ólafur Búason	6
Þakkarávarp, Páll Zophoníasson	8
Votrými og vatnstjón, Jón Sigurjónsson	12
Myndir frá hófinu í Eldheimum	15
Valdimar K. Jónsson, minning	18

# Handhafar viðurkenningarinnar „Lofsvert lagnaverk 2015“ í Eldheimum Vestmannaeyjum.



**1.** Herra Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, **2.** Páll Zóphóníasson Teiknistofa PZ, **3.** Sigurjón Pálsson Teiknistofa PZ, **4.** Björgvin Björgvinsson Teiknistofa PZ, **5.** Ríkarður Tómas Stefánsson Teiknistofa PZ, **6.** Pétur Jóhannsson Geisli, **7.** Hreggviður Óli Ingibergsson Geisli, **8.** Guðjón Sigurðsson Verkís, **9.** Steingrímur Svavarsson Geisli, **10.** Þorsteinn Finnbogason Steini Pípari, **11.** Karólína Kristín Jósepsdóttir (móðir Margrétar Gunnarsdóttur Arkitekts), **12.** Stefán Lúðvíksson Eyjablökk, **13.** Jóhann Sigurður Þórarinnsson Geisli, **14.** Ólafur Þór Snorrason Framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar og **15.** Kristín Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Eldheima.

*Eftirtaldir aðilar hlutu viðurkenningu Lagnafélags Íslands fyrir „Lofsvert lagnaverk 2015“  
í Eldheimum Vestmannaeyjum*

*TPZ teiknistofa, Vestmannaeyjum  
Steini pípari, Vestmannaeyjum  
Eyjablökk, Vestmannaeyjum  
Vestmannaeyjabær*

*Verkís hf., Reykjavík.  
Geisli, Vestmannaeyjum  
Margrét Kristín Gunnarsdóttir arkitekt*

# Ávarp

**Flutt við afhendingu viðurkenningar „Lofsvert lagnaverk“ Lagnafélags Íslands fyrir árið 2015, við hátíðlega athöfn að Eldheimum í Vestmannaeyjum, 27. apríl, 2016.**

**Ólafur P. Snorrason framkvæmdastjóri umhverfis og framkvæmnasviðs Vestmannaeyja.**



Ólafur P. Snorrason

Virðulegi forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson.  
Forseti bæjarstjórnar  
Góðir gestir.

Fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar býð ég ykkur velkomin í Eldheima. Sveitarfélög hafa margbættu hlutverki að gegna í hinu daglega lífi. Auk þeirra skylduverkefna sem þeim er sett fyrir hendur svo sem að reka fræðslunet og almannaþjónustu er það líka hlutverk þeirra að varðveita sögu og menningu. Þó svo þetta sé ekki lögboðið hlutverk í víðasta skilningi þá hafa sveitarfélög sem betur fer sýnt metnað í þessum efnum sem og mörgum öðrum.

Eitt að því sem einkennir Vestmannaeyjar er gosið árið 1973. Aldrei áður hafði gosið í byggð og í hönd fóru erfiðir tímar. Æðruleysi sem einkennt hefur Eyjamenn í gegnum tíðina skein þó í gegnum alla efileikana og voru menn sjaldan á því að gefast upp. Aðdáunarverð var baráttan sem menn stóðu í dag sem nótt í það hálfra ár sem ösköðin dundu yfir.

En þar með var þessu ekki lokið. Höfst uppbyggingarstarf sem líka átti sér enga samsvörun. Að rífa heilt bæjarfélag upp úr öskustónni og reisa allt við.

Síðan þá hefur gosið verið aðdráttarfl fyrir ferðamenn, fyrst í litlum mæli en seinni árin hefur aukist sá fjöldi ferðamanna sem eingöngu koma til Vestmannaeyja til að upplifa gosið og þær hörmungar sem hér dundu yfir. Þegar farið var að rýna í upplifun ferðamanna kom í ljós að endur-



byggingin og breytingar á byggðinni höfðu engu minni áhrif á fólkið sem hingað kom heldur en gosið sjálft.

Að auki hefur gosið verið kennsluefni í grunn-skóla og saga þess, uppbyggingin og afleiðingar verið uppspretta kennsluefnis og verkefna. Þau börn sem eru í grunnskóla í dag upplifðu ekki þessa tíma og eru þeim fjarlægir. Til marks um það þá get ég sagt sögu af því þegar dóttir mín var níu ára og var að læra sögu Vestmannaeyja. Spurði hún ömmu sína hvort hún myndi eftir eldgosinu. Amman játti því og þá spurði sú litla, en Tyrkjarárinu? Gerði hún engan greinarmun í tíma á þessum atburðum. Í hennar huga var þetta allt saman í gamla daga.

Með þetta í huga var farið að leggja drög að því að reisa gosminjasafn. Miklar og sterkar skoðanir voru á því hvornig þetta ætti að vera og mismunandi áherslur eins og eðlilegt er.

Rak þá á fjórur okkar nema í arkitektúr, Margréti Kristínu Gunnarsdóttur, sem var að leita að lokaverkefni í námi sínu. Langaði henni að gera gosinu einhver skil og fékk hún að koma á fund forsvarsmanna Vestmannaeyjabæar og kynna sínar hugmyndir. Var setið á rökstólum í smá stund og síðan fór hún aftur til Danmerkur í sitt nám. Þegar kom að því að lokaverkefnið hennar var klárt kynnti hún það fyrir bæjaryfirvöldum og urðu menn mjög hrifnir af hennar nálgun á húsnæðinu. Var hún snarlega ráðin í vinnu við að útfæra lokaverkefnið sitt og mér er til efs að margir útskriftarnemar í arkitektúr hafi fengið það tækifæri að byggja lokaverkefnið sitt í skalanum einn á móti einum.

Fyrir tæpum tveimur árum var safnið síðan opnað og hefur verið mikill og góður stígandi í því síðan. Að mínu mati var farið hárrétt leið í sýningunni með því að einblína svoltið á mannlega þáttinn í þessu öllu, en því hafði ekki verið gert mikil skil fram til þessa.

En einnig kom í ljós að þegar Vestmannaeyjingar fóru að mæta á safnið, að líklega hefði þetta safn ekki mátt koma fyrir. Margir höfðu ekki verið tilbúnir í þetta uppgjör og veit ég af fólki sem enn í dag treystir sér ekki til að koma á safnið. En þetta hefði heldur ekki mátt vera seinna því það unga fólk sem lenti í þessum hremmingum, nýbyrjað að búa, með lítil börn, eru orðið fullorðin fólk í dag og nauðsynlegt er að varðveita söguna með þessu fólki sem upplifði þetta á eigin skinni.

Á þessum tíma var ekki búið að finna upp orðið áfallahjál og margt fólk hefur aldrei gert þetta mál upp. En margir hafa gert málið upp við heimsókn á safnið. Og okkar mesta viðurkenning er þegar fólk sem lenti í þessum hremmingum lofsamar safnið og er ánægt með nálgunina.

Að okkar mati hafa Eldheimar sannað gildi sitt, bæði fyrir Vestmannaeyjunga og þá gesti sem okkur heimsækja. Við erum stolt af safninu og þeirri vinnu sem hér hefur verið unnin og vil nota þetta tækifæri og þakka þeim fjölmörgu sem komu að verkinu og þakka þann heiður sem okkur er sýndur með þessari viðurkenningu sem er veitt í dag.



# Ávarp

**Ávarp við afhendingu viðurkenningar „Lofsvert lagnaverk Lagnafélags Íslands fyrir árið 2015, við hátíðlega athöfn að Eldheimum í Vestmannaeyjum, 27. apríl, 2016.**

**Pórður Ólafur Búason verkfræðingur formaður Viðurkenningarnefndar Lagnafélags Íslands.**

Virðulegi forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, Vestmannaeyingar og aðrir lagnamenn, til hamingju með daginn og Eldheima.



**Pórður Ólafur Búason**

Þetta er orðið 27 ára starf þar sem Lagnafélag Íslands leitast við



með viðurkenningu fyrir lofsvert lagnaverk í nýbyggingu á Íslandi að efla gæðavitund fagmanna og ráðamanna húsbýgginga svo þeir allir megi verða lagnamenn. Að þessu sinni varð fyrir valinu 2000 m<sup>2</sup> bygging Eldheimum Gosminjasafnsins í Vestmannaeyjum.

Okkur Íslendingum sem komnir vorum til nokk-urs þroska þegar gaus í Vestmannaeyjum 1973 gleymist aldrei þessi morgun þegar fregnir af gosinu bárust og Íslendingar og Ísland brá við skjótt og af alefli til að styðja þessa byggð sem ógnað var af náttúruöflunum. Ég kom sjálfur frá upphafi goss nokkrar ferðir til Eyja meðan gosið stóð yfir og minnst þar hugaðs fólks sem ekki vildi láta bugast. Hér er á verðugan hátt minnst þeirra atburða og þessa fólks.

Einfaldar og skilmerkilegar lausnir ásamt smekk-vísi einkenna alla gerð og búnað þessarar 2000 fermetra byggingar sem og frábært aðgengi að tækjum til reksturs og viðhalds.



Ad leiðarljósi við hönnun lagankerfa húsins var að þau væru ekki sýnileg en jafnframt myndu uppfylla allar gæðakröfur sem gerðar eru til slíkra kerfa

Það er ánægjulegt að geta sagt að frágangur og umgengni er hagleiksmönnum og notendum til sóma.

Í viðurkenningarnefnd sitja, Kristján Nielsen rafvirkjameistari, Hilmar Hjartarson pípu-lagningameistari, Ólafur Bjarnason blikksmiðameistari, Þórður Ó. Búason verkfræðingur formaður og ritari nefndarinnar er Kristján Ottósson framkvæmdastjóri Lagnafélagsins. Þeir Kristjánar tveir ásamt Ólafi fóru til Eyja þegar meta skyldi hvort verkefnið myndi hljóta viðurkenningu þetta árið og var þeirra álit látið ráða um niðurstöðuna þó að ýmis verk væru nefnd til sögunnar.

Afhending viðurkenningar og verkefni eru eins fyrirsögn fyrir kafla hvers árs í lagnasögu Íslands og lýsandi fyrir þróun lagna.

Þetta mannvirki hefur þar mikla sérstöðu.

### **Peir sem hlutu viðurkenningu Lagnafélags Íslands eru:**

Margrét Kristín Gunnarsdóttir Arkitekt, TPZ teiknistofa Vestmannaeyjum, Verkís Reykjavík, Eyjablíkk Vestmannaeyjum, Steini Pípari Vestmannaeyjum, Geisli Vestmannaeyjum, Eldheimar Vestmannaeyjum.

# Þakkarávarp

**Flutt við afhendingu viðurkenningar „Lofsvert lagnaverk“ Lagnafélags Íslands fyrir árið 2015, við hátíðlega athöfn að Eldheimum í Vestmannaeyjum, 27. apríl, 2016.**

**Páll Zophoníasson byggingartæknifræðingur PZ Teiknistofu.**

Forseti Ísland herra Ólafur Ragnar Grímsson, stjórn og viðurkenningarnefnd Lagnafélag Íslands, forráðamenn Eldheima -góðir gestir.



*Páll Zophoníasson*

Fyrir hönd okkar sem fengu viðurkenningu hér dag, fyrir „Lofsvert lagnaverk“ vil ég þakka Lagnafélagi Íslands og dómnefnd kærlega fyrir þann heiður sem okkur er sýndur með þessari viðurkenningu.

Viðurkenningar af þessu tagi og sérstaklega viðurkenning fyrir „Lofsvert lagnaverk“ er öllum fyrirtækjunum, sem hana fá, mikil hvatning og við erum stolt af henni.



Þegar fulltrúar viðurkenningarnefndar Lagnafélags Íslands voru hér á ferð til þess að skoða aðstæður, kom fram í spjalli að þeir höfðu tekið þátt í björgunaraðgerðum hér í Eyjum á fyrstu dögum gossins, sem sjálfbodaðiðar á vegum trésmíðafélags Reykjavíkur og Félags blikksmiða við að negla blikkplötur fyrir glugga sem snéru í suður og austur og verja

húsin fyrir glóandi hraunslettum og forða húsunum bruna.

Flairi iðnaðarmenn eða lagnamenn komu við sögu hér í Eyjum þegar pípulagningamenn komu til



Þess að líta eftir hitakerfum húsa. Þá var sérstök olíukynding í hverju húsi og við öskufallið fylltust reykháfar af ösku og olíukyndingar stöðvuðust. Hreinsa varð alla reykháfa og koma kynditækjum í gang aftur, eða vatnstæma hitakerfin til að verjast frostskemdum.

Síðar á gósti mannum komu lagnamenn að hraun-



kælingunni, bæði tæknimenn og iðnaðarmenn, m.a. þegar sett var upp einstakt dælukerfi sem dældi allt að 1000 lítrum á sekúndu upp á hraun um 25 km langar stál- og plastlagnir.

Já það voru margir sem komu hingað sem sjálfbóðaliðar og við Eyjamenn stöndum í ævarandi þakkarskuld við þetta fólk. Því vil ég nota þetta tækifæri til þess að þakka fyrir það.

Lagnaverkið sem viðurkenning er veitt fyrir hefur verið lýst (við afhendingu viðurkenning-anna) hér fyrir í dag og á eftir verður boðið upp á skoðunarferð og því lýst enn frekar.

Þó vil ég rétt rekja aðdraganda að verkinu, undirbúning þess og framkvæmd.

Í gosinu sem hófst þann 23 janúar 1973 og stóð til 3 júlí sama ár, grófust tæplega 400 hús undir hrauni og ösku.

Í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014 var gerð tillaga að uppgrafs svæði hér í hlíðum Eldfells, þar skyldu nokkur hús sem lentu undir ösku grafin upp og höfð til sýnis.

Deiliskipulag af svæðinu var gert árið 2005 og þá var byrjað að grafa upp hús hér á þessu svæði og á næstu árum voru fleiri hús grafin upp að hluta til eða alveg. Aðaldriffjörðin við að koma þessum uppgreftri af stað var Kristín Jóhannsdóttir þáverandi ferðamála fulltrúi Vestmannaeyja og núverandi safnstjóri.

Lengi hafði verið rætt um að byggja gosminjasafn og mikill áhugi var á að byggja það á uppgrafs svæðinu meðal annars vegna foks úr uppgreftinum.

Gosminjasafnið (sem við erum stödd í,) er byggt yfir Gerðisbraut 10 sem er eitt af þeim húsum sem grófst í ösku strax á fyrstu dögum gossins og lenti síðar undir 15 m djúpri skriðu úr Eldfellinu.

Á árunum 2011-2012 hófst undirbúningur að byggingu gosminjasafnsins sem hlaut nafnið Eldheimar. Húsið er um 2.000 m<sup>2</sup> að stærð, hluta til á tveimur hæðum, haldið uppi af stálburðarvirki á steypum undirstöðum, klætt að utan með sléttum ryðbrúnum corten- stálplötum.

Að undirbúningi komu arkitekt hússins Margrét Kristín Gunnarsdóttir arkitekt, en hugmyndin að húsinu er að öllu leyti hennar.

Ólafur Snorrason framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasvið Vestmanneyjabæjar kom að verkinu frá byrjun sem stjórnandi af hálfu Vestmannaeyjabæjar.

Ráðgjafar voru verkfræðistofan Verkís sem sá um að hanna rafmagn og, Teiknistofa PZ sem sá um að hanna burðarvirki og lagnir ásamt loftræstingu. Hönnun lóðar var í höndum Landmótunar.

Eg vil því nota þetta tækifæri þakka öllum þeim sem komu að undirbúningi verksins, sérstaklega arkitektinum Margréti Kristínu Gunnarsdóttur fyrir ánægjulegt samstarf, einnig þeim Þorleifi Dolla Hjálmarssyni, Guðjóni L. Sigurðssyni og Reyni Erni Jóhannessyni, allir hjá Verkís og Lilju Ólafsdóttur landslagsarkitekti fyrir samstarfið.

Þá vil ég þakka samstarfsmönnum mínum á Teiknistofunni, þeim Sigurjóni Pálssyni sem sá um stálvirkið og hönnunarstjóra verksins Björgvini Björgvinssyni tæknifræðingi sem einnig sá um lagnahönnunina.

Verkið sem var samstarfsverkefni þessara aðila gekk mjög vel í alla staði og það gerist ekki nema allir í hönnunarteiminu leggi sig fram.

Bygging hússins hófst haustið 2012 og húsið var tekið í notkun 23 maí 2014.

Byggingarframkvæmdirnar gengu vel og við verkið vann samstilltur hópur reyndra handverksmanna sem skiluðu afbragðs góðu verki eins og sjá má á öllum frágangi.

Því vil ég líka þakka öllum sem komu að verkinu sjálfu, fyrir ánægjulegt samstarf og vel unnin störf. Fyrirtækin sem komu að verkinu eru fyrir utan aðalverktakfyrirtækið Steina og Olla, eru Steini pípari sem sá um píplagnir, Eyjablíkk sem sá um loftræstingu og Geisla sem sá um raflagnir, þ.m.t brunaviðvörunarkerfi.

Eftirlitsmanni á byggingartíma, Halldóri Hjörleifssyni sem var byggingarstjóri hússins þakka ég líka nægjulegt samstarf.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja og starfsmönnum Umhverfis og framkvæmdasviðs vil ég einnig þakka fyrir ánægjulegt samstarf og það traust sem okkur var sýnt við lausn verkefnisins. Það er mikils virði að eiga gott samstarf um lausnir á undirbúningsstigi og að menn setji sér markmið um frágang og gæði byggingarinnar.

Það er með stolti sem þessi fyrirtæki geta sýnt verk sín hér á eftir og með viðurkenningunni „Lofsvert lagnaverk“ verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar.

Lagnafélag Íslands á þakkir skyldar fyrir að standa fyrir þessum viðurkenningum sem veittar hafa verið „lagnamönnum“ undanfarin ár.

Án þess að halla á nokkurn vil ég sérstaklega þakka Kristjáni Ottósyni framkvæmdastjóra fyrir hans þátt í að halda uppi merki Lagnafélagsins.

Að lokum vil ég þakka Herra Ólafi Ragnari Grímssyni forseta fyrir að koma hér í dag og fyrir góð orð í okkar garð



## NÝJASTA TÆKNI Í LOFT Í LOFT VARMADÆLUM



Ururu  
Sarara



Ururu Sarara viðheldur réttu rakastigi og tekur ferstök útiloft og getur blandað við inniloft. Eykur verulega loftgæði. Enn betri síubúnaður til að hreinsa loft.



517 0270  
**VERKLAGNIR.IS**  
Sérfræðingar í varmadælum!

Verklagnir ehf.  
Smíðjuvegur 70  
200 Kópavogur  
Gul gata  
Info@verklagnir.is  
www.verklagnir.is

# Votrými og vatnstjón

## Jón Sigurjónsson verkfræðingur formaður Lagnafélags Íslands



Jón Sigurjónsson

### 1 Inngangur

Í nokkur misseri hefur komið saman hópur aðila hjá Mannvirkjastofnun sem hefur kallað sig vatnsvarnarbandalag og haft að markmiði að draga úr eða lágmarka tjón af völdum vatnsleka frá lögnum og lagnakerfum.

Í hópnum eiga fulltrúa Mannvirkjastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, lðan fræðslusetur ásamt tryggingafélögum og fagfélögum. Í starfinu hefur komið fram að árleg vatnstjón eru af sömu stærð og brunatjón um 1,5-2,5 milljarðar og því mikilvægt að reyna að draga úr þessum tjónum með fræðslu til íbúa og þeirra sem koma að gerð votrýma í íbúðarhúsum.

Til þess að vekja fólk til umhugsunar hafa m.a.farið fram greinaskrif á vegum hópsins og viðtöl í fjölmiðlum og einnig verið samið námskeið um frágang votrýma á vegum lðunar, sem undirritaður hefur leiðbeint á og hefur verið vel sótt í Reykjavík og á Akureyri nú þegar. Heildarfjöldi vatnstjóna 2013 og 2014 hafa verið tekin saman og voru árið 2013 6708 og 2014 7387 tjón. Heldartjón 2014 hefur verið metið um 2,5 til 3 milljarðar.

### 2 Vatnstjón og afleiðingar þeirra

#### Dæmi 1:

Dæmigert lítið vatnstjón: Gleymst hafði að skrúfa fyrir bað. Tjón reyndist vera um 700.000 kr. vegna vatns sem flæddi yfir eikarparket á gangi og inn í stofu.

#### Dæmi 2:

Leki varð frá ísskápstengingu í nýju húsi. Tjón reyndist vera 1.358.166 kr. vegna tjóns á parket-lögn og byrjunar á myglumyndun sem uppræta þurfti.

Af dæmunum sést að oft verður tilfinnanlegt tjón vegna hugsunarleysis íbúa eða handvamar sem gott gæðakerfi á að grípa.

### 3 Votrými er þverfaglegt verkefni

Ljóst er að gerð votrýma er verkefni sem margar iðngreinar koma að. Auðvelt er að telja upp iðngreinar eins og múrverk, húsasmíði, pípulagnir, rafvirkjun og dúklagnir. Til að koma í veg

fyrir mistök er því þekking á viðfangsefninu og verkþáttum annarra iðnaðarmanna nauðsynleg forsenda til þess að vel takist til sérstaklega þegar um timburhús er að ræða. Æskilegt er því að auka sérhæfingu þeirra sem koma að gerð votrýma með aukinni þekkingu á verkþáttum og innra gæðaeftirliti. Í grunnnámskeiði Iðunar sem fyrr er nefnt er áhersla lög á eftirfarandi atriði.

- Markmiðsetningu
- Reglugerðarkröfur
- Leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar
- Orsakir vatnstjóna (samkvæmt tölfræði)
- Vottanir og CE-merkingar
- Skipulag baðherbergja
- Innivist votrýma (samspil loftraka og lofthita)
- Timburinnveggur að votrýmum
- Val veggplötugerða
- Gólf votrýma
- Útveggur timburhúsa að votrými

Af þessu sést að að mörgu er að hyggja við gerð votrýma og góð samvinna er lykilatriði til að vel takist til. Undirritaður hvetur alla iðnaðarmenn sem vinna í votrýmum að kynna sér vel þessi fræði til að geta skilað sem bestum árangri. Hér eins og í flestum verkum eru það frágangsaatriðin sem skilja á milli.

# Sumarbústaðalóð í Grímsnesi

Til sölu í landi Klausturhóla Grímsnesi er hálfur hektari á góðum stað, glæsilegt útsýni á móti suðri.

Rafmagn, kalt vatn og hitaveita á lóðarmörkum

**Upplýsingar í síma 892 4428**



# REHAU®

Unlimited Polymer Solutions

## LAGNAEFNI SEM ENDIST!



byko.is

REYNSLUMIKID STARFSFÓLK  
ÚRVALS ÞJÓNUSTA

### BYKO



**B. Markan ehf.**  
**PípuLagnir**  
☎ 660 6690

**Tækniskólinn**  
skóli atvinnulífsins



## Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF  
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÓF  
TÖLVUNÁMSKEIÐ  
TÖLVUSTUDD HÖNNUN  
BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ

BÍLGREINASVIÐ  
MATVELA- OG VEITINGASVIÐ  
MÁL- OG VÉLTÆKNISVIÐ  
PRENTTÆKNISVIÐ



**IDAN 10 ára**  
fræðslusetur  
www.idan.is

NÁNARI  
UPPLÝSINGAR  
Á IDAN.IS



## Myndir frá hófinu í Eldheimum Vestmannaeyjum 27. apríl 2016



## Myndir frá hófinu í Eldheimum Vestmannaeyjum 27. apríl 2016





## Myndir frá hófinu í Eldheimum Vestmannaeyjum 27. apríl 2016





## Kveðja frá Lagnafélagi Íslands Valdimar K. Jónsson

Nú er vinur okkar samstarfsaðili og ein sterkasta stoðin í Lagnafélagi Íslands fallin frá.

Valdimar K. Jónsson, vélaverkfræðingur og fyrrverandi prófessor við Háskóla Íslands lést þann 5. maí á hjartadeild Landspítalans. Valdimar var fæddur í Hnífsdal þann 20. ágúst 1934, sonur hjónanna Jóns Kristjánssonar trésmíðameistara og Þorbjargar Valdimarsdóttur húsmóðir.

Ég kynntist Valdimar fyrir um 25 árum þegar ég leitaði til hans þá sem prófessor við vélaverkfræðideild Háskóla Íslands.

Valdimar var góður vinur og bjó yfir mikilli þekkingu í sínu fagi vélaverkfræði, eins og kemur hér fram.

Valdimar útskrifaðist frá Menntaskólanum á Akureyri 1954.

Lauk fyrirhlutaprófi í verkfræði frá HÍ 1957. Prófi í vélaverkfræði frá Danmarks Tekniske Højskole 1960 og Ph. D frá University of Minnesota 1965.

Hann hóf starfsferil sinn hjá Regnecentralen í Kaupmannahöfn og hjá Raforkumálaskrifstofunni í Reykjavík 1960 en sama ár varð hann aðstoðarkennari og rannsóknarmaður hjá University of Minnesota og gegndi þeim störfum til ársins 1965. Árið 1965 gegndi hann stöðu lektors við Imperial College of Science and Technology í London. 1969 varð hann prófessor við Pennsylvania State University í Bandaríkjunum til ársins 1972 hann tók við starfi prófessors við Verkfræði- og raunvísindadeild, Háskóla Íslands sem hann gegndi þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir 2004.

Valdimar gengdi mörgum trúnaðarstöfum fyrir Framsóknarflokkinn m.a. sem varaborgarfulltrúi í Reykjavík 1978 til 1982. Valdimar kom að stofnun Reykjavíkurlistans 1994 og af mörgum kallaður guðfaðir hans. Valdimar var formaður Bandalags háskólamanna 1978 til 1982 og einnig formaður Veitustofnana Reykjavíkurborgar sömu ár.

Valdimar var forseti verkfræðideildar HÍ og í Háskólaráði 1985 til 1989. Valdimar hafði umsjón með kælingu hraunsins í Heimaey árið 1973 sem m.a. varð til þess að bjarga innsiglingunni í höfnina í Vestmannaeyjum. Hann sinnti ýmsum ráðgjafaverkefnum í orkugeiranum og á fleiri sviðum m.a. við undirbúning virkjanna á Nesjavöllum og Hellisheiði.

Valdimar kom að stofnun Endurmenntunar Háskóla Íslands 1983 og var einnig formaður byggingarnefndar Félagsstofnunar stúdenta um nýja hjónagarða 1986 til 1990 og síðar meir formaður byggingarnefndar nýja stúdentahverfisins við Eggertsgötu frá 1991. Á eftirlaunaárum sínum tók Valdimar þátt í ýmsum nýsköpunarverkefnum. Valdimar var kjörinn heiðursdoktor frá Háskólanum í Lundi Svíþjóð árið 1998 og sæmdur riddarakross Hinnar íslensku fálkaorðu 17. júní 2002.



*Valdimar K. Jónsson*

Valdimar tók þátt í stofnun Lagnafélags Íslands og hefur alla tíð síðan verið kjölfesta við uppbyggingu og rekstur félagsins.

Hann var formaður Viðurkenningarnefndar félagsins og gengdi því starfi þar til heilsan brást fyrir stuttu. Þá var hann og endurskoðandi félagsins til margra ára.

Valdimar stóð að stofnun Lagnakerfamiðstöðvar Íslands og var formaður bygginganefndar sem sá um uppbyggingu Stöðvarinnar.

Við Valdimar höfum ferðast mikið saman bæði hér heima og erlendis, til að tengjast störfum hinna þjóðanna og kynna sérstöðu Íslands.

Á erlendri grund var Valdimar á heimavelli, það var sama í hvaða fylki bandaríkjanna, borg, eða háskóla við komum, allstaðar þekktu menn Valdimar.

Valdimar var giftur Guðrúnu Sigmundsdóttir, sem lést fyrir fjórum árum.

Þau eignuðust fjögur börn; Þyri matvælafræðing, Örn viðskiptafræðing, Vilborg Erlu lyfjatækni og Jón Rafn fasteignasala. Barnabörnin eru 12 og barnabarnabörn 16.

Við vottum fjöldskeyldu Valdimars djúpa samúð.

fyrir hönd Lagnafélags Íslands

Kristján Ottósson framkvæmdastjóri



## Viðurkenningarnefnd Lagnafélags Íslands



**Kallar eftir tilnefningum um lagnaverk  
til skoðunar sem lofsvert lagnaverk.**

**Allir geta tilnefnt verk til skoðunar,  
gefið auga góðu verki og tilkynnið**

**í síma 892 4428 eða**

**á netfang: [lafi@simnet.is](mailto:lafi@simnet.is)**

**Stöndum saman, eflum gott hugvit og handverk.**



Henrad miðstöðvarofnar eru nýjasta og þróaðasta framleiðsla Caradon, sem skilar meiri afköstum. Form ofnsins er grennra, auk þess sem endurbætt gerð af „konvektorum“ eru punktsoðnir beint á sjálfan vatnsléiðarann, sem eykur enn á afköstin.

Úrslitaáhrif í útliti og afköstum felast í hreinsun og málningu. Sú aðferð sem notuð er hjá Henrad (CEP) er meðal allra bestu og þrúðustu aðferða í iðnaði.

Henrad Standard miðstöðvarofnar eru vottaðir fyrir IST EN 442 af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins no. 00-10.

Þú færð nánari upplýsingar hjá sölumönnum í verslunum okkar um land allt.

Þjónusta og þekkt vörumerki á fráberu verði í Húsasmíðjunni.



HENRAD



...meira fyrir fagmenn!

VSÓ RÁÐGJÖF

**B** BLIKKRÁS EHF

**b&t**  
BLIKK OG TÆKNIPJÓNUSTAN  
*...við blikkum með báðum*

**EFLA**  
VERKFRÆÐISTOFA

## Styrktarlínur

### Reykjavík

Aðalblikk ehf, Bíldshöfða 18  
Fagblikk ehf, Sandavaði 3 -  
fagblikk@fagblikk.is  
Frystikerfi ehf, Viðarhöfða 6  
Pípulagnir Elvars G Kristinssonar ehf,  
Jöklafold 2  
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu  
TÓV ehf, Óðinsgötu 7  
Tæknivangur ehf, Kirkjustétt 26  
Varma & Vélaverk ehf, Knarrarvogi 4  
Verkfræðistofa Þráinn og Benedikt ehf,  
Laugavegi 178  
Verkfræðistofan VIK ehf, Borgartúni 6

### Kópavogur

Alur blikksmiðja ehf, Smiðjuvegi 58  
Blikksmiðjan Vík ehf, Skemmuvegi 42  
JÓ lagnir sf, Fífuhjalla 17  
Stíflupjónustan ehf, Nýbýlavegi 54  
Verklagnir ehf., Smiðjuvegur 70 – Gulgata  
Sími – 517 0270

### Garðabær

Rennsli ehf, pípulagnir, Holtsbúð 52

### Hafnarfjörður

Blikkhella ehf, Rauðhelli 12  
Heimir og Jens ehf, Birkibergi 14  
Strendingur ehf, Fjarðargötu 13 -15

### Reykjanesbær

Tækniþjónusta S.Á., Hafnargötu 37a  
Vatnsafl-Pípulagnir ehf, Klettatröð 1  
Byggingu 551

### Ísafjörður

Tækniþjónusta Vestfjarða ehf, Aðalstræti 26

### Akureyri

ÁS-Pípulagnir ehf, Eikarlundi 29  
Miðstöð ehf, Draupnisgötu 3g  
Norðurorka hf, Rangárvöllum

### Húsavík

Vermir sf, Höfða 24a

### Egilsstaðir

Ágúst Bogason ehf, Dynskógum 15

### Reyðarfjörður

Launafl ehf, Hrauni 3

### Höfn í Hornafirði

Króm og hvítt ehf, Álaleiru 7

### Laugarvatn

Ásvélar ehf, Hrísholti 11



Set ehf • Röraverksmiðja



MANNVIT



Sími 563 6000 · litrof@litrof.is · www.litrof.is



AH PÍPULAGNIR



teiknistofa



FAGBLIKK  
Sími: 698 1440  
fagblikk@fagblikk.is



Malarhofa S - 110 Reykjavík - www.blikk.is - blikk@blikk.is



HITASTÝRING hf.

Ármúla 16 108 Reykjavík Sími: 552-2222



LAGNATÆKNI  
Hönnunar- og ráðgjafarstofa / FRV



# SWEP

A **DOVER** COMPANY

Vandaðir varmaskipta sem henta einstaklega vel fyrir vatnið á Íslandi. Vel opnir með lágu þrýstifalli sem stíflast síður.

Hafa reynst einstaklega vel á Seltjarnarnesi og skilað löngum líftíma.

Mikið úrval á lager og bjóðum einnig hraðþjónustu með sérpantanir á sama verði.

Bjóðum einnig tilbúna grindur fyrir hitakerfi og neysluvatn, smíðaðar á Íslandi fyrir hitaveitukerfi, einfaldar í uppsetningu og tengingu.

Verklagnir ehf er umboðsaðili fyrir SWEP á Íslandi við bjóðum einnig varmadætur frá Thermia/Danfoss og Daikin Europe.

Hönnuðir geta fengið aðgang að útreikniforritum til að auðvelda val á réttum búnaði hvort sem er varmaskipta eða varmadætur.

 **Sími: 517 0270**  
**VERKLAGNIR.IS**  
Sérfræðingar í varmadælum!

Smíðjuvegur 70 - gulgata  
200 Kópavogur - S. 517 0270

# Termix One tengigrind til hitunar á neysluvatni

## Auðveld

uppsetning og lítill viðhaldskostnaður

Með Termix One tengigrindinni er hitaveituvatnið leitt gegnum varmaskipti sem hitar upp ferskvatn til neyslu. Það gerir húseigendum kleift að stilla hitastig heita neysluvatnsins þannig að hætta á brunaslysum minnkar verulega.

Helstu eiginleikar: Stillanlegt hitastig • Stórminkuð slyshætta • Jafn þrýstingur á heitu og köldu vatni • Lengri líftími blöndunartækja • Engin kísilútfelling á hreinlætis- og blöndunartæki, sem gerir þrif mun auðveldari, svo ekki sé talað um hina alkunnu hveralykt sem hverfur.

Með Termix One fylgir snyrtileg hlíf úr grálökkuðu stáli til að hylja hana á veggnum.



ENGINEERING  
TOMORROW

*Danfoss*